



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Allsherjarnefnd
efri deildar Alþingis
c/o Þórður Bogason
nefndarritari

Dagsetning

12. nóvember 1990

Tilvísun

bP/bJ

Alþingi

Erindi nr. B/3122

komudagur 12/11 1990

19

/

komudagur

Erindi nr. B

Alþingi

Á síðastliðnu sumri var frumvarp til laga um meðferð opinberra mála sent nokkrum aðilum til umsagnar.

Frá eftirtöldum aðilum bárust umsagnir: Rannsóknar- lögreglustjóra ríkisins, yfirsakadómaranum í Reykjavík, laganefnd lögmannafélags Íslands og sýslumannafélagi Íslands.

Réttarfarsnefnd fór yfir umræddar umsagnir og hefur gert við þær athugasamdir og í nokkrum tilfellum hefur frumvarpinu verið breytt frá fyrri gerð til samræmis við umsagnir.

./.
Til upplýsinga sendast umræddar umsagnir ásamt athugasemdum til allsherjardeildar efri deildar Alþingis.

F. h. r.

Þorleifur Pálsson

Kópavogi 30. október 1990.

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM MEÐFERÐ OPINBERRA MÁLA

Með bréfi dags. 17. f.m. sendi ég umsögn um hluta frumvarps til laga um meðferð opinberra mála, en frumvarpið hafi borist mér til umsagnar frá dómsmálaráðuneytinu.

Með vísan til 1. mgr. 66. gr. frumvarpsins leyfi ég mér að senda hér með samantekt mína frá því í maí s.l., er varðar reglur um hlutverk ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, verkaskiptingu milli hennar og annarra lögregluþyrvalda svo og samstarf við aðrar stofnanir.

Til viðbótar lagatilvitnunum í samantektinni má nefna II. kafla laga nr. 92, 1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, einkum 10. gr.

Virðingarfyllst,

Pjetur Nilsen

Dómsmálaráðuneytið

Arnarhvoli

101 REYKJAVÍK

DÓMS- OG
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innk.: 3 0 OCT 1990

Δ

Mál: 045.1

Hinn 1. maí 1990 tóku gildi reglur settar af dómsmálaráðherra um hlutverk ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, verkaskiptingu milli hennar og annarra lögregluyfirvalda svo og samstarf við aðrar stofnanir. Með reglunum, sem eru nr. 165, 1990, er starfssvæði ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík markað svo, að það nái yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Bessastaðahrepps, Mosfellsbæjar, Kjósarhrepps og Kjalarneshrepps.

ÁFD er deild innan embættis lögreglustjórans í Reykjavík, sem starfar á hans ábyrgð og lýtur stjórn hans, en ekki sérstök stofnun eða sjálfstætt lögreglulið, eins og ætla mætti eftir lestur reglnanna. Vinna lögreglumenn alls staðar undir lögreglustjórn lögreglustjóra (sýslumanna/bæjarfógeta) reyndar í því lögsagnarumdæmi, sem þeir starfa, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 74, 1972 og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 56, 1972.

Þótt í reglunum nr. 165, 1990 sé kveðið á um, að ÁFD hafi með höndum þau verkefni, sem þar er lýst, sýnist ljóst, samkvæmt því sem rakið var, að lögreglustjóranum í Reykjavík sé falið í ríkum mæli að fara með lögreglustjórn í ofangreindum lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur hvað varðar ávana- og fíkniefnamál.

Í 7. gr. reglnanna segir, að þær séu settar með stoð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50, 1972 um lögreglumenn (á að vera lög nr. 56, 1972 um lögreglumenn). Það ákvæði felur í sér heimild fyrir ráðherra að ákveða að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Ákvæðið geymir hins vegar ekki heimild til handa ráðherra að gera breytingar á lögreglustjórn svo sem með því að heimila einum lögreglustjóra að taka yfir lögreglustjórn í öðrum lögsagnarumdæmum með einum eða öðrum hætti. Lögreglustjórn grundvallast á lögum nr. 74, 1972 um dómsvald í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn og fleira. Í lögnum er m.a. mælt fyrir um lögreglustjórn og

valdmörk, bæði staðarleg og e.a. efnisleg, sbr. 1. og 5. gr. og lög um rannsóknarlögreglu ríkisins. Um skipanina er einnig mælt fyrir í 32. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, en þar segir í 1. mgr.: "Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur", og í 2. mgr. "Lögreglustjórar, þar með talinn rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, halda upp löggæslu hver í sínu umdæmi."

Verður ekki séð, að þessari skipan megi breyta nema með lögum.

Hins vegar fer ekki á milli mála, að dómsmálaráðherra er heimilt á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laga nr. 56, 1972 að mæla svo fyrir, að hluti lögregluliðs gegni störfum hvar sem er á landinu. Lögregluliðið lýtur þá lögreglustjórn lögreglustjórans í því lögsagnarumdæmi sem það starfar í hverju sinni, en getur ekki flutt lögreglustjórn þess lögreglustjóra, sem það starfar hjá að jafnaði eða er ráðið til, með sér milli lögsagnarumdæma, sbr. það sem áður segir um staðarleg valdmörk lögreglustjóra.

Í maí 1990 BN


SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Borgarnesi, 13. október 1990.

Dómsmálaráðuneytið,
Arnarhváli,
150 Reykjavík.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands hefur haft til umsagnar frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Stjórnin telur framvarpið vel unnið og að ekkert sé þar, sem gera þurfi sérstakar athugasemdir við. Með rýmkaðri heimild lögreglustjóra til sektargerða, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og ákærvaldi, sem þeim er fengið í hendur, er líklegt að störf lögreglustjóra að opinberum málum minnki ekki frá því sem nú er, en gera má ráð fyrir auknu vinnuhagræði af þeim breytingum.

Virðingarfyllt,
í h. stjórnar,


Rúnar Guðjónsson, form.

DÓMS- OG
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 24 SEP 1990

Mál: 401.3 045.1

Kópavogi 17. september 1990

DÓMS- OG
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innk: 19 SEP 1990

Mál: 045.1

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 12. júlí s.l. barst mér til umsagnar frumvarp til laga um meðferð opinberra mál, sem lagt var fram á Alþingi síðast liðið vor, en hlaut ekki afgreiðslu. Í bréfinu var þess óskað, að umsögn bærisk ráðuneytinu fyrir lok ágústmanaðar.

Frumvarpið er að vonum efnismikið og geymir að sjálfsögðu all verulegar breytingar á gildandi réttarfarslögum. Það verður því ekki hlaupið að því að rita umsögn um frumvarpið, einstaka kafla þess eða ákvæði og verður að segja sem er, að ekki hefur unnist nægilegur tími eða gefist tækifæri til þess að kafa niður í frumvarpsgreinarnar, þótt vilja til þess vanti ekki. Umsögnin verður því á þessu stigi takmörkuð, en mun ekki spanna frumvarpið allt og alls ekki alla þætti þess. Hins vegar er þess vænst, að mögulegt verði á síðara stigi frumvarpsmeðferðar að bæta við þá umsögn, sem hér verður gefin.

I. ÖRFA ATRÍÐI ATRÍÐI VARÐANDI TERMINOLOGIU EÐA FAGORÐ

1) Heiti laganna

Höfundar frumvarpsins hafa áreiðanlega rætt um að breyta heiti laganna, en niðurstaðan orðið sú, að það skyldi óbreytt.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir í upphafi 3. mgr. þannig:

"Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951 voru meginatriði um meðferð refsímála þessi:..." (undirstrikun mín)

Meðferð refsímála - lög um meðferð refsímála - refsímálameðferð, sbr. hins vegar einkamálameðferð, virðist hljóma vel og eðlilega. (Sjá í dönsku strafferetspleje og í norsku straffeprosess.)

Mestu skiptir þó, að heitið "lög um meðferð refsímála" lýsir mun betur efni lagabálksins heldur en heitið "lög um meðferð opinberra mála". Ekki ætti að koma að sök, þótt mál, sem ekki eru eiginleg refsímál, hljóti meðferð eða séu rannsökuð samkvæmt reglum laga um meðferð refsímála.

Samkvæmt framangreindu er mælt með því að lögin hljóti heitið: Lög um meðferð refsímála.

2) Rannsókn

Samkvæmt frumvarpinu er með rannsókn átt við þær aðgerðir, sem miða að því að gera ákæranda fært að ákveða hvort mál skuli höfðað og að því að afla nauðsynlegra gagna til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 67. gr frumvarpsins og athugasemd við IX. kafla.

Í gildandi lögum er þessi þáttur málsmeðferðar kallaður frumrannsókn og virðist það að mörgu leyti skýrara hugtak og gefa betri mynd af verkefninu, sem lögreglan eða annar rannsóknaraðili hefur með höndum.

Að sjálfsögðu fer rannsókn refsímáls að verulegu leyti fram fyrir dómi, eins og áður, þótt dómari eigi eftirleiðis yfirleitt ekki að stýra rannsókn, þ.e. hafa frumkvæði að henni eða ákveða hvað rannsaka skuli o.s.frv., sbr. þó andstað sjónarmið, sem lesa má út úr 3. mgr. 119. gr. frumvarpsins, en að því ákvæði verður vikið síðar.

Í athugasemdum við frumvarpið, neðst á bls. 43 í sérprentun þess, segir berum orðum, að rannsókn mála verði að öllu leyti í höndum ákærvalds og lögreglu og dómari eigi aldrei frumkvæði að né stýri rannsókn. Hlýtur þar að vera átt við það, sem hingað til hefur verið nefnt frumrannsókn, sbr. hins vegar t.d. 2. mgr. 59. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að hugtakinu frumrannsókn verði haldið um rannsóknina áður en ákæra er gefin út í máli, þ.e. lögreglurannsóknina. Jafnvel má nota hugtakið lögreglurannsókn í stað frumrannsóknar.

Áherslu á að leggja á, að rannsókn máls er alls ekki lokið þótt ákæra hafi verið gefin út í því, byggð á frumrannsókn eða lögreglurannsókn.

(Sbr. í dönsku hugtakið efterforskning/etterforskning í norsku, sem þýða mætti eftirgrennslan og geymir greinilega merkinguna frumathugun eða frumrannsókn. Þá má sérstaklega vekja athygli á finnska fyrirkomulaginu í lögum nr. 449 frá 30. apríl 1987 "Förundersökningslag". Í 1. gr. þeirra laga segir: "Förundersökning med anledning av brott görs enligt denna lag, om inte annorlunda stadgas i någon annan lag.")

3) Rannsóknari

Eindregið er lagt til, að þetta hugtak verði ekki tekið upp í lagatexta enda virðist það ekki koma vel út í frumvarpinu.

Lagt er til, að í lagatextanum verði í þess stað aðallega notað gamla hugtakið lögregla og síðan eftir atvikum lögreglustjóri, handhafi ákærvalds o.s.frv. Síðan má að sjálfsögðu notað hugtakið rannsóknari í daglegu tali um þann sem rannsakar, en verkefnin, sem lögin fjalla um eru lögreglunnar, lögreglustjóra eða ákærvalds.

Rétt þykir að benda á ákvæði í:

(a) áður tilvísuðum finnskum Förundersökningslag - 13. til 15. gr. - þar sem fjallað er um Förundersökningsmyndigheter, en í 13. gr. segir:

"Förundersökning görs av polisen, om inte annat stadgas särskilt. Om den enhet inom polisen på vilken förundersökningen ankommer stadgas och bestäms särskilt."

(b) 742. gr. dönsku réttarfarslaganna:

"Anmeldelser om strafbare forhold indgives til politiet. Stk. 2. Politiet iværksætter efter anmeldelse eller af egen drift efterforskning, når der er rimelig formodning om, at et strafbart forhold, som forfølges af det offentlige, er begået."

(c) 225. gr. norsku laganna um meðferð refsímála:

"Etterforskning iverksettes og utføres av politiet. Uten beslutning av overordnet kan enhver politimann foreta skritt som ikke uten skade kan utsettes.

Riksadvokaten og vedkommende statsadvokat kan gi pålegg om å iverksette etterforskning og om hvordan den skal gjennomføres, samt om stansing..."

II. UPPBYGGING LAGARÁLKXSINS

Fylgt hefur verið uppbyggingu gömlu laganna - kaflaheiti eru nánast hin sömu og staða þeirra í lögnum er sem fyrr. Eskilegt hefði verið að stokka þetta nokkuð upp, og verður hér látið við það sitja að benda á dönsku réttarfarslögin, sem ágæta fyrirmynd í þeim efnum.

III. EINSTÖK LAGAÁKVÆÐI

8. gr. um að þinghöld skuli haldin í heyranda hljóði.

1) Dómari á að geta ákveðið, að þinghöld, sem haldin eru á meðan frumrannsókn máls stendur enn yfir, t.d. við meðferð kröfu um gæsluvarðhald etc., skuli fara fram fyrir luktum dyrum, sé ella hætta á réttarspjöllum.

Sjá til samanburðar:

Dönsku réttarfarslögin 2. lið 4. mgr. 29. gr.

Norsku dómstólalögin 2. mgr. 126. gr.

2) Vakin er athygli á:

32. gr. dönsku réttarfarslaganna: Aðalregla, að ungmenni yngri en 18 ára hafi ekki aðgang að opinberu þinghaldi.

132. gr. norsku dómstólalaganna: Synja má ungmennum yngri en 18 ára um aðgang að opinberu þinghaldi.

20. gr. um birtingu fyrir kalls etc.

Í athugasemdum við frumvarpið segir, að kaflinn, sem greinin er í, geymi ýmsar almennar reglur um þinghöld og starfsemi héraðsdómstóla að öðru leyti. Þá er skírskotað til 76., 99., 116. og 177. gr. í gildandi lögum og má því e.t.v. álykta, að þetta ákvæði í 20. gr. eigi einungis við fyrirköll til dómþinga. Hafa verður þó í huga, að sakborningi á að vera skylt að sinna kvaðningu til yfirheyrslu hjá lögreglu, sbr. 4. mgr. 32. gr., sbr. einnig d lið 98. gr. þar sem segir, að lögreglumáður megi handtaka mann, sem ekki hefur að forfallalausú gegnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli. Greinin ætti því einnig að gilda um kvaðningu til lögreglu yfirheyrslu.

Ákvæði um fyrir kallsfrest (sbr. stefnufrest) eru ekki í greininni og ekki heldur annars staðar í frumvarpinu (?), en skýrar reglur um "löglegt fyrir kall" hljóta að vera nauðsynlegar, enda virðist mega handtaka þann, sem ekki hlýðir fyrir kalli eða kvaðningu, án ákvörðunar dómara.

V. kafli Akæruvaldið

Ekki er horfið að því í frumvarpinu að veita saksóknurum sjálfstætt ákæruvald í héraði og e.a. í tilteknum málaflokkum, sem þó virðist skoðunarvert. Akæruvaldið myndi þá verða

stigskipt kerfi, hierarchy, með þrepin,
 ríkissaksóknari/vararíkissaksóknari, saksóknari,
 lögreglustjóri og löglærðir fulltrúar þeirra.

Með lagafrumvarpinu um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, reyndar við undirbúning þess, hófst í alvöru umræða um það, að lögreglustjórum yrði falið ákærvald í nánar tilteknum málaflokkum svo og að ríkissaksóknari fæli þeim að sækja þing í refsimálum. Fljótlega heyrðust efasemdaraddir og heyrast enn um ágæti þessara hugmynda og væntanlegra breytinga. Nefnt hefur verið, að ekki muni gæta nægilegs samræmis, þegar ákærvald sé komið á margra hendur og jafnvel hefur jaðrað við, að því hafi verið haldið fram, að mörgum lögreglustjórum væri ekki treystandi til þess að fara með ákærvald.

Spyrja má í þessu sambandi, hvernig þessum málum hafi verið háttað áður, í öllu falli allt fram á þetta ár. Staðreyndin er sú, að flest sérrefsilagabrot og mörg hegningarlagabrot hafa verið afgreidd heima í héraði án afskipta ríkisaksóknara samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra eða fulltrúa hans og þá e.a. með niðurfellingu, áminningu, lögreglustjórasett eða dómsátt, sbr. 112. gr. oml. Hluti ölvunarakstursmála hefur að vísu verið sendur ríkisaksóknara til ákæru. Jafnvel eftir að greint hefur verið á milli lögreglustjórnar og dómsvalds, í Reykjavík á árinu 1977 en á þessu ári annars staðar á landinu, hefur ákærvald haldist í höndum lögreglustjóra eða dómara. Er mér ekki alveg ljóst og hef ekki kannað, hvort segja á, að það sé í höndum lögreglustjóra fremur en dómara. Um hverja helgi gerist það í Reykjavík, að sakborningar eru leiddir fyrir dómara, eins og það er kallað, vegna brots, oftast áfengislagabrots en stundum hegningarlagabrots, sem þeir hafa framið á þeim sólarhring. Lýkur máli þeirra oft með dómsátt, en ekki veit ég hvort lögreglan hefur afmarkað sakarefnið og tilgreint viðeigandi lagaákvæði eða dómariinn tekið það að sér. Víst er að ákærvaldið er í höndum annars hvors aðilans. Það er ekki einungis í Reykjavík, sem þetta gerist. Fyrir stuttu voru fluttar fréttir úr Keflavík þar sem sagði frá einhvers konar uppboti ungmenna og atlögu að lögreglu. Handteknir voru færðir fyrir dómara, eins og sagt var, væntanlega héraðsdómara á Reykjanesi og þar gengið frá dómsáttum í málum all margra og verður að atla eftir fréttum, að brot hafi varðað við almenn hegningarlög. Hver fór með ákærvaldið í málunum?

Ef staðreyndir eru viðurkenndar, þ.e. að lögreglustjórar (eða dómara) hafi farið með ákærvald samkvæmt eldra kerfi, eins og lýst var, og eldra kerfi síðan borið saman við fyrirhugað kerfi þá verður niðurstaða líklega sú, að ákærvald sé fremur flutt frá lögreglustjórum með fyrirhuguðu kerfi heldur en hið gagnstæða. Ég atla að ákærvald lögreglustjóra samkvæmt

frumvarpinu ætti að auka og megi ná til ýmissa hegningarlagabrota. E.a. þykir mér mega biða með þá viðbót þar til nokkur reynsla verður komin á nýtt fyrirkomulag.

Samræming ákærvalds og eftirlit er að sjálfsögðu í höndum ríkissaksóknara. Honum verður að gefast ráðrúm til þess að sinna samræmingarstarfi og aukna áherslu verður að leggja á það m.a. með því að létta af honum og skrifstofu hans striti og skriffinnsku við hin smæstu mál. Hafa má nokkra hliðsjón af fyrirkomulaginu í þessum efnunum í nánustu nágrannalöndum okkar, Danmörku og Noregi, og byggja að einhverju leyti á reynslu þeirra. Nefna má að í Osloborg einni eru yfir 40 lögfræðingar hjá lögreglunni, sem fara með ákærvald, sbr. 3. tl. 1. mgr. 55. gr. norsku réttarfarslaganna.

Spyrja má:

Getur verið, að varasamt sé að fela lögreglustjórum ákærvald, þeim sem farið hafa jöfnum höndum með ákærvald og dómvald í málum?

Hvernig er háttað samræmingu hjá dómendum í landinu? Er ekki ástæða til að huga að því og hafa áhyggjur af?

Skiptir niðurstaða, úrlausn dómara, í málum ekki mestu?

27. gr. 1. mgr. "...Hann getur kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar eða tekið rannsókn eða ákvörðun um málshöfðun í sínar hendur ef svo ber undir."

Lagt er til að setningin hljóði þannig: ... Hann getur kveðið á um rannsókn máls og mælt fyrir um framkvæmd hennar svo og að rannsókn skuli hætt. - Er ákvæðið þannig orðað í samræmi við 2. mgr. 66. gr. i.f. og 2. mgr. 77. gr. Sá þáttur ákvæðisins, sem lýtur að ákvörðun um málshöfðun sýnist vel fyrir komið sem 3. mgr. í 28. gr. eða í 2. mgr. 27. gr.

1. mgr. 29. gr. um heimild ríkissaksóknara til þess að fela lögreglustjórum flutning mála í héraði.

Legg til í þessu sambandi, að með breytingu á 79. gr. gildandi oml verði ríkissaksóknara nú þegar heimilað að fela lögreglustjórum og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að sækja þing og flytja refsímál í héraði. Enginn vafi er í mínum huga um, að sú heimild og beiting hennar mundi mjög styrkja ákærvaldið og bæta áferð á refsímálameðferðinni enda þá mögulegt að láta sækja þing af hálfu ákærvalds í flestum málum.

3. mgr. 30. gr. um frávísun vegna vanhæfis ákæranda

Efni ákvæðisins virðist allt eins eða fremur eiga heima í 119. gr.

VI. KAFLI

Sakborningur og verjandi

Í þessum kafla kemur hugtakið rannsóknari fyrst fyrir í frumvarpsgreinum. Með vísan til þess, sem áður sagði um þetta hugtak er eindregið lagt til að það verði fellt út. Jafnframt er skírskotað til þess sem sagt var um rannsókn/frumrannsókn.

4. mgr. 32. gr. Sakborningi er skylt að sinna kvaðningu til yfirheyrslu.

Vekur á ný upp spurningu um form og efni kvaðningar, sbr. 20. gr.

Í þessu sambandi má nefna, að sakborningi er ekki skylt að koma til skýrslutöku hjá lögreglu í Danmörku og í Noregi.

3. mgr. 33. gr. Sakborningi er heimilt að ráðgast við verjanda sinn um réttarstöðu sína meðan á yfirheyrslu stendur, enda trúfli það ekki skýrslutöku að mati yfirheyranda.

Sakborningur á að vita á þessu stigi málsins, hver réttarstaða hans er og er bersýnilega gert er ráð fyrir því í lagaákvæðinu að hann hafi tekið ákvörðun um að gefa skýrslu um sakarefnið eftir að hafa ráðfært sig við réttargæslumanninn. Ákvæði um að sakborningur og verjandi hans ráðgisti frekar um réttarstöðuna á meðan á yfirheyrslu stendur sýnist fyrst og fremst til þess fallið (vil ekki segja ætlað) að valda ágreiningi á milli lögreglumanns og sakbornings, e.a. réttargæslumanns hans. Ágreininginn mætti sakborningur eða málsvari hans síðan væntanlega bera undir dómara samkvæmt 75. gr.

Lagt er til að ákvæðið falli brott. Verði ekki á brottfall fallist er lagt til að tekið verði fram, að mat yfirheyranda, sem getið er í ákvæðingu, sé endanlegt - verði ekki borið undir dómstól samkvæmt 75. gr.

Sbr. hér:

5. mgr. 752. gr. dönsku réttarfarslaganna

1. mgr. 93. gr. norsku réttarfarslaganna. Þar hefur dómurinn að sjálfsögðu allt aðra stöðu heldur en lögreglan.

35. gr. heimild dómara til þess að skipa sakborningi verjanda.

Lagt er til að greinin verði umorðuð. Efni greinarinnar verði það fyrst og fremst, að dómara sé rétt að skipa sakborningi verjanda, hvort sem er fyrir eða eftir að ákæra er gefin út, telji hann ástæðu til þess með hliðsjón af eðli sakarefnis, stöðu og högum sakbornings eða með hliðsjón af kringumstæðum að öðru leyti enda hafi sakborningur ekki ráðið sér verjanda.

Beiðni um skipun verjanda getur hvort heldur sem er komið frá sakborningi eða lögreglu.

(gamla orðalagið um sérstaklega sljóan og skilningslítinn sakborning hlýtur að mega falla út)

2. mgr. 37. gr. "...Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða rannsóknari þó takmarkað rétt hans (talsmanns) til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur..."

Verði: Meðan á rannsókn máls stendur getur lögreglan.... Sbr. hér 75. gr. þar sem kveðið er á um að bera megi ágreining um réttindi sakbornings undir dómara. Þyki ekki ljóst, að synjun lögreglu megi bera undir dómara í þessum tilvikum, er rétt að taka af skarið í þeim efnum með skýru orðalagi.

2. mgr. 38. gr. "Áður en dómari skipar verjanda skal hann gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan....."

Vel kemur til greina að miða við lögræði, en ekki sjálfræði, og taka af öll tvímáli um að rétturinn til þess að velja verjanda sé lögráðamannsins náist til hans.

Rétt þykir að vekja athygli á:

1. mgr. 730. gr. dönsku réttarfarslaganna:

"Den, der sigtes for en forbrydelse, er berettiget til at vælge en forsvarer til at stå ham bi i overensstemmelse med de nedenfor nærmere givne regler. Er han under 18 år, tilkommer valget hans værge, som derhos altid er berettiget til að optræde på hans vegne."

2. mgr. 94. gr. norsku réttarfarslaganna:

"Når siktede er under 18 år, er det vergen som velger forsvarer. Det samme gjelder dersom siktede er alvorlig sinnslidende..."

Með ákvæðum sem þessum mætti e.t.v. fá forráðamenn ungmenna til þess að sinna betur og meir heldur en núna gerist málefnum ungmennanna, sem villast inn á brotaleið. Í öllu falli ætti þessi skipan að geta leitt til þess, að forráðamennirnir finni betur til skyldu sinnar gagnvart ungmennunum.

1. mgr. 42. gr. "Verjanda er heimilt að tala einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar."

1. mgr. 43. gr. "Ekki má kynna sakborningi endurrit nema dómari eða rannsóknari samþykki."

Verði:...nema lögreglan samþykki, sbr. það sem sagði um 2. mgr. 37. gr.

Huga verður að efni tilvísanna ákvæða. Eru þau samrýmanleg? Er ekki óhjákvæmilegt að hafa fyrirvara í 1. mgr. 42. gr., sem e.a. skírskotar til 1. mgr. 43. gr?

Ákvæði um lögfræðiaðstoð við fórnarlömb tiltekinna afbrota vantar og á heima á eftir VI. kafla.

2. mgr. 59. gr. "Að svo búnu spyr dómari vitni um sakaratriði. Dómara er rétt að leggja fyrir vitni spurningar, sem ákærandi og verjandi óskar..."

Tel allt of mikla áherslu lagða á rannsóknarfrumkvæði dómarans í þessu ákvæði. Gamla fyrirkomulagið virðist lifa áfram. Aðalregla ætti að vera, að ákærandi og verjandi spyrji undir eftirliti dómarans, ef svo má segja, en hann á að sjálfsögðu einnig að geta spurt vitni sjálfstætt.

IX. kafli Rannsókn

Með skírskotun til þess, sem ritað er hér að framan, er lagt til, að kaflinn, sem fjallar um frumrannsókn, heiti Frumrannsókn.

Í kaflanum kemur hugtakið rannsóknari oft fyrir og hef ég lagt til að það verði ekki notað í lagatexta enda þykir mér það óheppilegt og vekur upp margar spurningar, eins og því er komið fyrir í lagatextanum, sem of langt mál yrði að fjalla um. Mestu skiptir í mínum huga að engin þörf er á því að taka þetta upp í lagatexta.

Í athugasemdum með kaflanum er þess getið, að farin sé sú leið að stytta og einfalda mjög reglur um rannsókn (les: frumrannsókn) og að nánari reglur um framkvæmd hennar þyki ekki nauðsynlegar né heppilegar í lagatexta.

Ég er hjartanlega sammála því að reglur eins og 33. og 34. gr. oml. geyma er að mestu óþarfar í lagatexta. 68. gr. frumvarpsins er þannig að mínum dómi óþörf. Á hinn bóginn tel ég óhjákvæmilegt, að reglur um frumrannsóknina (1) eftir að sakborningur er fundinn, ef svo má segja, (2) í málum þar sem fórnarlambið er barn svo og reglur um (3) ýmsar réttarfarslegar þvingunaraðgerðir, sem reyndar er fjallað um í næstu köflum á eftir, þurfi að vera skýrar og tæmandi.

Matsatriði er, hvort ýmsar reglur um frumrannsóknina, sem fært hefur verið í VI. kafla um sakborning og verjanda, eigi betur heima í þessum kafla. Hef ég þegar bent á ákvæði í þeim kafla, sem lúta að meðferð máls á frumrannsóknarstigi, sem orkað geta tvímælis.

1. mgr. 70. gr. "Rannsóknari (les: lögreglan) leitar kunnáttumanna þegar þörf er á sérfræðilegri rannsókn.."

Legg eindregið til, að ákvæði í 23. gr. laga nr. 74, 1982 um brunavarnir og brunamál þar sem segir að stjórn brunamálastofnunar ríkisins skuli samkvæmt tillögðu brunamálastjóra tilnefna sérfróða menn vegna rannsókna á eldsvoða verðir fellt brott. Afrit að umsögn minni um þátt í skýrslu um STÖÐU BRUNAMALA Á ÍSLANDI fylgir.

71. gr. um persónulega hagi sakbornings o.fl.

Er ekki reiðubúinn til þess að tjá mig um þetta skriflega, en mér þykir lagagreinin þarfnast frekari athugunar og umræðu. Skýri ég þá skoðun mína ekki frekar hér.

1. mgr. 73. gr. .."Ef sérstaklega stendur á, svo sem við yfirheyrslu barns, er rannsóknara þó heimilt að hljóðrita skýrslu vitnis eða taka skýrslugjöf upp á myndband." Sjá hér einnig 57. gr. frumvarpsins.

Óhjákvæmilegt er og löngu brýnt að huga rækilega að verklagsreglum og réttarfarsreglum, sem lúta að rannsóknum þar sem barn er fórnarlamb afbrots. Á ég þá fyrst og fremst við frumrannsóknina, en dómsrannsóknin verður þó ekki undanskilin. Þessi mál, þar sem barn er fórnarlamb afbrots og aðalvitni í máli, eru áreiðanlega einhver þau erfiðustu, sem lögregla fær til rannsóknar. Verður lögreglan jöfnum höndum að taka tillit til hagsmuna barnsins svo og réttinda hins grunaða sem

sakbornings og kann oft að orka tvímælis, hvort tekist hefur að rata hinn gullna meðalveg í þeim efnum. Eitt er víst, að ekki verður hjá því komist að taka með alvöru á þessu viðfangsefni nú í tengslum við endurskoðun á lögum um meðferð refsímála.

Í þessu sambandi má benda á "Norges offentlige utredninger", NOU 1988: 29 "Etterforskning av incestsaker" "Utredning fra arbeidsgruppen til å avklare og vurdere regler og rutiner for etterforskning av incestsaker oppnevnt av Justisdepartementet i mai 1987."

Hér og á þessu stigi mun ég ekki fjalla frekar um þetta yfirgripsmikla efni.

2. mgr. 73. gr. "Við yfirheyrslu og aðrar rannsóknaraðgerðir skal rannsóknari (les:lögreglan) hafa einn greinagóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur."

Tel að þetta ákvæði eigi að falla brott.

Í köflunum um hinar ýmsu réttarfarslegu þvingunaraðgerðir (rannsóknaraðgerðir)? ættu ákvæði um votta að vera. Geta þau alls ekki verið hin sömu í öllu tilvikum. Ekki er t.d. líklegt að sömu ákvæði eigi að gilda um handtöku og húsleit að þessu leyti.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa ákvæði um að vottar skuli vera að yfirheyrslu lögreglunnar enda bætir það alls ekki réttarstöðu sakborninga. Bendi ég á réttarfarsákvæði Dana og Norðmanna í þessu sambandi og þá sérstaklega á ákvæði Dana. Finnar virðast hins vegar gera ráð fyrir því að vottar verði að yfirheyrslum, óski sá, sem yfirheyrður er eftir votti eða vitni að yfirheyrslunni.

Verði ákvæði um votta að yfirheyrslu haldið inni er óhjákvæmilegt að skýra það í athugasemdum eða umræðu. Hverja á að kveðja til sem votta? Ekki getur verið átt við það, að tveir lögreglumenn standi að yfirheyrslu og annar gegni vottastarfi. Er slík skipan ekki fallin til þess að veikja réttarstöðu hins yfirheyrða? Svo tel ég vera.

Frá öðru sjónarmiði: Engum dytti í hug að láta dómara vera vott að dómþingi annars dómara.

1. mgr. 74. gr. um það hver geti leitað til dómstóla með beiðni um beitingu réttarfarslegra þvingunarúrræða.

....."getur sá sem stýrir rannsókn....."

Þykir eðlilegast að í stað tilvitnaðra orða komi "lögreglan". Reglur innan lögregluliða kveða síðan á um hver starfsmanna þar annast kröfugerð fyrir dómi eða dómara og e.a. kunna lög um dómstólana að setja þar einhver mörk. Reglan er og verður væntanlega sú, að lögfræðingar lögreglunnar annist þennan þátt málsmeðferðar.

X. til XIII. kafli.

Í þessum köflum frumvarpsins er fjallað um hin helstu réttarfarslegu þvingunarúrræði/aðgerðir - á dönsku "Straffeprocessuelle tvangsingbrep". Til þessara úrræða er venjulega gripið á frumrannsóknarstigi og þess vegna skiptir efni þeirra miklu máli fyrir lögregluna, sem annast frumrannsóknina. Ég hefi ekki lokið athugun á efni kaflanna og því verður ekki að sinni rituð umsögn um þá, en rétt þykir þó að taka fram, að frá mér er að vænta umsagnar um kaflana eða einstakar greinar þeirra.

Að síðustu verður nú vikið að ákvæði í XIV. kafla frumvarpsins:

3. mgr. 119. gr. "Þegar héraðsdómara hefur borist ákæra athugar hann hvort þeir ágallar séu á málatilbúnaði að því verði vísað frá dómi svo sem vegna þess að rannsókn hafi verið svo áfátt að í bága fari við 67. gr...."

Tel ég að undirstrikaða ákvæðið eigi tvímálalaust að falla brott.

Í athugasemdum frumvarpsins er því lýst sem meginbreytingu frá gildandi fyrirkomulagi, að dómari eigi aldrei frumkvæði að né stýri rannsókn. Undirstrikaða ákvæðið brýtur, að mínum dómi, í bága við þennan yfirlýsta megin tilgang breytinganna og ber öll einkenni rannsóknarréttarfarsins, sem við ætlum að leggja fyrir róða. Samkvæmt því á dómari að hafa frumkvæði að rannsókn og stýra henni að vissu marki. Hann á að leggjast yfir efni máls áður en það er tekið til dómsmeðferðar, kanna hvort allt hafi verið rannsakað, sem hann telur að eigi að rannsaka og hvort það hafi verið rannsakað nægilega vel að hans áliti. Hann getur síðan sagt, að þetta eða hitt þurfi að rannsaka eða rannsaka betur. Með þessum hætti virðist dómariinn eiga að koma ákærvaldinu til hjálpar, koma í veg fyrir sýknudóm.

A þessu stigi, þ.e. þegar dómari fær ákæru í hendur, atti hann ekki að fara að íhuga efni málsins með frávísun í huga. Hann kannar hins vegar hvort einhverjir þeir formgallar séu á málatilbúnaði að frávísun varði, en annað ekki. Ákærandinn tekur ákvörðun um málshöfðun eftir athugun á efni málsins án afskipta dómara og það er og á að vera í hans verkahring að taka þessa ákvörðun. Segir um þetta svo í 112. gr. frumvarpsins: ..."Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm samkvæmt 116. gr.".. Hafi mál verið höfðað af þar til þarum handhafa ákæruvalds og fullnægi ákæran að öðru leyti formskilyrðum 116. gr. frumvarpsins atti dómur um sakargiftir annað hvort að ganga út á sekt eða sýknu sakbornings. Dómarinn sendir ákærandanum óbein boð með sýknudómi sínum um að hann skuli huga betur að sakarefninu áður en ákæra er gefin út. Í þessu er aðhaldið að ákæruvaldinu fólgið. Víst má telja, að ákærandi kæri sig ekki um marga sýknudóma, sem megi rekja til rangs mats hans á atvikum og sönnunarstöðu í máli. Ekki virðist heldur loku fyrir það skotið, að ákærandi verði látinn sata ábyrgð vegna fjártjóns og miska sem sakborningur verður fyrir, megi rekja það til þess að ákærandinn gerist offari í ákærum sínum. Dómur metur þá störf ákærandans eftir á í sérstöku máli, en alls ekki í refsímálinu nema með þeim óbeina hætti, sem áður var lýst og kemur fram í sýknudómi.

Ég leyfi mér enn að benda á hliðstæð ákvæði í réttarfarslögum nánustu nágrannalanda okkar og umfjöllun fræðimanna um þau.

Norsku refsiréttarfarslögin:

2. mgr. 266. gr. "Mener forsvareren at saken må avvises eller at tiltalte må frifinnes på grunn av forhold som ligger utenfor bevisspørsmålet, bør han gjøre påtalemyndigheten oppmerksom på det."

1. mgr. 272. gr. "Retten kan beslutte at det skal holdes rettsmøte under saksforberedelsen til behandling af spørsmål om å avvisе saken eller om å frifinne tiltalte fordi det forhold som er beskrevet i tiltalebeslutningen ikke er straffbart, eller straffansvaret er falt bort."

Sjá einnig 285. gr.

Sjá Norsk straffeprosess eftir Joh. Andenæs, Universitetsforlaget 1984.

Kap. 15. Prosessforutsetningar og avvísing

Fjallað er um forsendur málsmeðferðar og frávísun.

Forsendur málsmeðferðar eru:

1. Málið höfðað af þar til þarum ákærvaldshafa.
2. Krafa brotþola liggi fyrir sé það áskilið í viðkomandi refsíákvæði.
3. Fyrirmæli eða samþykki ráðuneytis liggi fyrir sé það áskilið í viðkomandi refsíákvæði.
4. Valdsvið dómstólsins landfræðilega og efnislega fyrir hendi.
5. Sama mál sé ekki til meðferðar annars staðar - Litis pendens.
6. Sama sakarefni hafi ekki verið afgreitt áður - Res judicata.

Dönsk réttarfarsákvæði.

Sjá 842. gr. um frávísun áður en dómsmeðferð hefst:

1. Atvikum þannig háttað að leiða muni til frávísunar undir málsmeðferðinni (málið heyrir undir annan dómstól, sbr. 691. gr.)
2. Saksóknarann skortir ákærvald.
3. Sakarefnið, sem lýst er í ákæruskjalinu, er ekki refsivert eða refsingu verður ekki komið við vegna fyrningar eða af öðrum álíka ástæðum (res judicata)

Sjá ennfremur 869. gr.

Í Lærebog i Strafferetspleje eftir Mogens Kocktvedgaard og Hans Gammeltoft-Hansen er í XV. kafla bls. 255 til 260 fjallað um Statsadvokatsager ved underret.

Á miðri blaðsíðu 259 segir:

"Dommen skal lyde på enten afvisning, frifindelse eller domfældelse, prg. 929. stk. 1, jfr. prg. 908 stk. 1. Afvisning finder sted ved væsentlige formfejl....."

Í 32. gr. tilskipunar um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu frá 3. júní 1796 segir:

"Meðan á rekstri málsins stendur á dómari eigi aðeins að gæta þess, að málinu sé fram haldið svo sem vera ber, heldur á hann einnig sérstaklega að hafa vakandi auga á því, að ekkert sé látið ógert, er miðar til rækilegrar

skýringar á málinu, og verði hann þess viss, að nokkuð sé í því efni vanrækt af hendi sækjanda eða verjanda, á hann að leggja fyrir þann, er í hlut á, að útvega það, sem vantar, áður en dómur er upp kveðinn í málinu."

Hæstarétti var falið og ætlað að hafa gætur á dómurum, að sjá til þess að þeir hlýddu boðum tilskipunarinnar, sem mælti skýrlega fyrir um svokallað rannsóknarréttarfar. Eftir að Hæstiréttur tekur til starfa á Íslandi má lesa athugasemdir og hugleiðingar um þetta efni í dómasafninu t.d. Hrd. 1920:60: "Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði og yfirdómi hefir verið vítalaus. Þó athugast að vitundarvottar að afsali Guðmundar Guðmundssonar til ákærða hafa eigi verið leiddir sem vitni í málinu..."

Í Hrd 1923:487 úrskurðar rétturinn, að rannsóknardómaranum beri að útvega fyrir rétti skýrslur um tiltekin atriði. Í Hrd 1923:488 eru aðfinnslur út af gallaðri ákæru og athugasemdir vegna þess að rannsókn og meðferð máls hjá undirdómara er mjög ábótavant.

Þannig heldur þetta áfram um nokkurt skeið. Aðfinnslur, úrskurðir um frekari gagnaöflun og síðan kemur að heimvísun mála til frekari rannsókna.

Eftir gildistöku laga um meðferð opinberra mála nr. 27, 1951 vísar Hæstiréttur málum nokkrum sinnum heim í hérað til löglegrar rannsókna og dómsálagningar, eins og það heitir, vegna þess að prófun máls og dómi var áfátt. Sjá t.d. Hrd. 1953:82 og 1955:419 og 423.

Eftir gildistöku laga nr. 82, 1961 fellur tímamótadómur í þessum efnun, sjá Hrd 1967:1126. Þar tekur Hæstiréttur sér það vald að segja saksóknara fyrir verkum og setur fram viðhorf, sem eru við líði enn, bæði hjá Hæstarétti og héraðsdómurum, með þeim afleiðingum, að rannsóknarréttarfari er viðhaldið af dómstólunum, þótt löggjafinn hafi reynt að leggja það af með lögum.

Í þessum tilvísaða dómi segir Hæstiréttur eftir að hafa fjallað um ákæruvaldið og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 82, 1961:

"Samkvæmt greindu lagaboði átti saksóknari því að hlutast til um fullkomna rannsókn málsins og taka síðan, er sú rannsókn lá fyrir, ákvörðun um saksókn og kröfur sínar í málinu í stað þess að gefa þegar út ákæru. þar sem ákæra saksóknara er þannig reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til saksókna, verður ákæran eigi lögð til grundvallar dómi um efni máls.." (áherslur mínar) Ákæru í málinu var síðan vísað frá héraðsdómi. Hvaðan kom Hæstarétti vald til þess að

fjalla um störf saksóknara með þessum hætti? Fram til þessa hafði Hæstiréttur fundið að meðferð mála á héraðsdómsstigi og vísað málum heim í hérað vegna gallaðrar málsmeðferðar þar. Var þetta ofur eðlilegt og þekkist alls staðar að æðri réttur geti vísað málum aftur til undirréttar vegna gallaðrar málsmeðferðar. Hér var Hæstiréttur hins vegar farinn að skipta sér af störfum framkvæmdavaldsins án þess að honum væri falið að gera það í sérstöku dómsmáli, t.d. skaðabótamáli eða refsímáli á hendur saksóknara út af störfum hans. Það sem síðar gerist er, að héraðsdómarar taka sér þetta vald með samþykki Hæstaréttar.

Lögin nr. 74, 1974 skipta ekki máli í þessu sambandi heldur breytingin með lögum nr. 107, 1976, er rannsóknarlögregla ríkisins hefur komið til sögu og draga á úr hlutverki dómstóla við frumrannsókn mála. Hrd. 1983:1644 gaf þó fyrirheit um breytt viðhorf Hæstaréttar, sem brugðust, sbr. Hrd. 1984:290. Þar staðfestir Hæstiréttur frávísunardóm sakadóms Reykjavíkur með þessum orðum: "Af þessum sökum verður ekki talið, að frumrannsókn sú, sem fram hefur farið í máli þessu, sé viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar samkvæmt 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. og 19. gr. laga nr. 107/1976. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til." Þannig hefur boltinn rúllað áfram og hlaðið utan á sig. Í dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 14. þ.m. eru þessar setningar notaðar:

"...að eigi hafi verið, eins og málið lá fyrir, viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar samkvæmt 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 13. gr. og 19. gr. laga nr. 107, 1976. Þykir þar af leiðandi bera að vísa ákæru í máli þessu frá sakadómi Reykjavíkur ex officio."

Og enn er spurt hvaðan dómáranum komi heimild eða vald til þess að leggja með þessum hætti mat á störf ríkissaksóknara. Vissulega getur ríkissaksóknari haft allt aðra skoðun á sönnunarstöðu í sakamáli heldur en dómari og hann má hafa allt aðra skoðun. Það sem máli skiptir er, að ríkissaksóknara, en ekki dómara, hefur verið falið með lögum að gefa út ákæru, sbr. 115. gr. oml, og ber honum að gæta ákveðinna formreglna í því sambandi. Hins vegar hefur dómara verið falið það hlutverk að dæma um kröfur ríkissaksóknara að því tilskildu að ákæran fullnægi formskilyrðum. Dómurum hefur verið nokkur vorkunn, þegar þeim þykir frumrannsókn áfátt, vegna þess að dómþing er sjaldan sótt af hálfu

ákærvalds. Þeir ættu þó að geta með góðri samvisku látið hjá líða að afla eða láta afla frekari gagna í þágu sóknar málsins heldur en þegar liggja fyrir, og ekki kveðja önnur vitni til í þágu sóknar málsins en þau, sem greinir í frumrannsókninni. Allan vafa skýra dómarnir síðan hinum ákærða í hag. Þessu til viðbótar benti Hæstiréttur dómurum á skynsamlega leið í dómi sínum hinn 13. október 1988, Hrd. 1988:1217, en þar sagði:

"Það athugast að samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 skal veita ríkissaksóknara kost á að tjá sig um mál, áður en dómari tekur ákvörðun um fram komna frávísunarkröfu. Efnisrök standa til að dómari gefi ríkissaksóknara einnig kost á að tjá sig um mál, áður en ákvörðun er tekin um frávísun ex officio, ef hann telur málatilbúnaði svo áfátt að frávísun komi til álita."

Ég tók ekki dýpra í árinni, en kalla þessa ábendingu Hæstaréttar skynsamlega vegna þess að ég tel að ekki komi til greina að vísa máli frá dómi ex officio, þótt dómari telji, að það hefði mátt rannsaka betur og skýra betur áður en ákæra var gefin út. Vanræksla ákærvaldsins í þessum efnum á að koma því sjálfu í koll og birtast í sýknudómum. Hina skynsamlegu leið Hæstaréttar hafa dómarnar hins vegar ekki viljað ganga og vísa þeir málum frá ex officio sem áður og með sömu rökum og áður, sbr. dóminn frá 14. september s.l.

Eins og ráða má af því sem ég hef sagt hér að framan þykir mér nú keyra um þverbak, ef lögfesta á þetta, að mínum dómi, alranga frávísunarviðhorf, þegar loksins á að gera ákærvaldinu að sækja þing í öllum refsimálum og annast sókn mála sinna. Nú ætti einmitt að vera kjörið tækifæri til þess að eyða öllum vafa og ganga frá því í eitt skipti fyrir öll, að málum verður ekki vísað frá dómi, þótt dómara þyki frumrannsókn áfátt. Að öðrum kosti verður haldið í rannsóknarréttarfarið þar sem dómarnar stýra og hafa frumkvæði að frumrannsókn.

Læt ég hér lokið þessum þætti umsagnar minnar um lagafrumvarpið.

Virðingarfyllst,

Þorgerður Níelsdóttir

Dómsmálaráðuneytið
 Arnarhvoli
 101 REYKJAVÍK

Svör réttarfarsnefndar við athugasemdum Boga Nilssonar rannsóknarlögreglustjóra um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.

I. Um orðanotkun.

1. Refsimál/opinber mál.

Nafn laganna var á sínum tíma nokkuð rætt í nefndinni. Sérstaklega var það til skoðunar að kalla þau lög um meðferð sakamála. Sitt sýndist hverjum. Lögin hafa frá 1951 haft núverandi nafn og því ekki verið breytt þótt aðrar breytingar hafi verið á þeim gerðar og þau endurútgefin. Nafnið er nú orðið mönnum samt. Sýna þarf fram á veigamikil rök því til styrktar að breyta nú um. Tvenn lög gilda nú um meðferð mála fyrir héraðsdómstólunum, lög um meðferð opinberra mála og lög um meðferð einkamála. Orðanotkunin helgast af því að mál sem fara að meðferð opinberra máls höfðar hið opinbera (ríkissaksóknari) en mál sem fara að meðferð einkamála höfðar einkaaðili. Sé heiti annarra laganna breytt verður heiti hinna ankannalegt. Niðurstaða réttarfarsnefndar var því sú að hrófla ekki við heiti laganna.

2. Rannsókn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skýrt verði greint á milli rannsókna, þ.e. aðgerða til að upplýsa mál og búa það undir saksókn, og málsmeðferðar (fyrir dómi) eftir að mál hefur verið höfðað. Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar að þetta sé mjög æskilegt. Nefndin fellst því ekki á orðanotkun B.N. Í hugum nefndarmanna er rannsókn lokið og meðferð máls hafin við málshöfðun.

3. Rannsóknari.

Við samningu frumvarpsins þótti hentugt að nota eitt orð um þann sem stýrir rannsókn hverju sinni. Deila má um hvernig til hefur tekist um orðavalið, en óhjákvæmilegt þótti að hafa eitthvert eitt orð sem næði yfir þann sem fer með rannsókn eða ákærvald.

II. Uppbygging lagabálksins

Nefndarmenn fá ekki annað séð en hér sé um einhvern misskilning að ræða hjá B.N. Efnisskipan hefur einmitt verið verulega breytt frá núgildandi lögum. Verður að telja að efnisröðun sé eðlileg og aðgengileg fyrir þá sem þurfa að nota væntanleg lög. Efnisskipun er einmitt tölvert lík dönsku réttarfarslögunum.

III. Einstök ákvæði

8. gr. (þinghöld í heyranda hljóði)

Ábending þessi er athyglisverð og hefur nefndin breytt frumvarpinu á þann veg að B.N ætti að geta verið við það sáttur.

20. gr. (birtingar)

Í gr. segir m.a. "aðrar tilkynningar í opinberum málum". Þetta ætti að taka til kvaðninga lögreglu. Þarf því ekki að gera breytingu á frumvarpinu vegna athugasemda B.N.

IV. Ákærvaldið

Ákærvald lögreglustjóra er mjög aukið með frumvarpinu. Ríkissaksóknari er þó í fyrirsvári fyrir ákærvaldinu, setur um það viðmiðunarreglur og hefur eftirlit með öðrum handhöfum ákærvalds. Þetta þykir nauðsynlegt þegar í svona umfangsmiklar breytingar er ráðist. Á það verður að benda að þetta er eitt megineinkenni frumvarpsins. B.N verður heldur

ekki öðruvísi skilinn en hann sé nefndinni sammála enda þótt hann virðist vilja að ákærvald lögreglustjóra verði sjálfstæðara. Gegn því sjónarmiði má færa fram að samræmi verður að vera í meðferð ákærvaldsins. Af öðrum umsögnum má ráða að ýmsum þykir nóg um dreifingu ákærvaldsins.

27. gr. 1. mgr. Hér sýnist B.N leggja til að felld verði úr frumvarpinu ákvæði um að ríkissaksóknari geti tekið rannsókn í sínar hendur, svo og ákærvald. Telja verður nauðsynlegt að ríkissaksóknari geti sjálfur farið með rannsókn ef hann telur ástæðu til, enda þótt vart komi oft til þess. Hann verður að hafa vald til að taka ákvörðun um málshöfðun í eigin hendur. Það er í samræmi við þá meginreglu frumvarpsins að ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins.

29. gr. Hér leggur B.N til að breyting frumvarpsins á núgildandi 79. gr. laganna taki strax gildi. Þetta er sérstakt ákvörðunaratrúði og utan frumvarpsins.

30. gr. Ákvæðið gæti svo sem verið í 119. gr., en skoðun nefndarinnar er að það eigi betur heima í kafla um ákærvaldið.

VI. kafli. Sakborningur og verjandi

3. mgr. 33. gr. Nefndin hefur hér gert breytingu á frumvarpinu og gengið til móts við ábendingu B.N.

35. gr. (Skipun verjanda) Þessi ábending er athugunarverð, þótt nefndin leggi ekki til breytingu.

2. mgr. 37. gr. (Samband sakbornings og verjanda) Sjá hér það sem sagt er áður um orðið rannsóknari.

2. mgr. 38. gr. Hér sýnist rétt að miða við sjálfræðisaldur eins og frumvarpið gerir. Hitt er annað mál að vel má huga

að því að hækka sjálfræðisaldurinn og láta hann falla saman við fullan lögræðisaldur þ.e. 18 ár. Það verkefni heyrir hins vegar ekki undir réttarfarsnefnd.

42. og 43. gr. Réttarfarsnefnd hefur tekið þessa ábendingu til greina og breytt frumvarpinu.

Ábending B.N um lögfræðiaðstoð við brotþola á ekki hér heima, því samið hefur verið sérstakt frumvarp um ókeypis lögfræðiaðstoð. Þar mun að finna ákvæði um þetta efni.

VIII. kafli. Vitni, mat og skoðun.

59. gr. Réttarfarsnefnd skilur greinina ekki svo, að samkvæmt henni sé mælt fyrir um rannsóknarfrumkvæði dómara þótt ráð sé fyrir því gert að hann spyrji fyrst. Ákvæði 2. mgr. felur í sér heimild fyrir dómara að víkja því til málflytjanda að spyrja vitni. Dómari verður alltaf að stýra vitnaleiðslu. Nefndin er hins vegar ekkert ósammála B.N.

IX. kafli. Rannsókn

1. mgr. 70. gr. Réttarfarsnefnd er sammála B.N og hefur breytt frumvarpinu á þann veg að lagt er til að 23. gr. laga nr. 74/1982 um brunavarnir og brunamál verði felld niður.

71. og 72. gr. Hugleiðingar B.N eru athygliverðar, en hann gerir engar sérstakar breytingartillögur, enda er mála sannast að ákvæði frumvarpsdraganna eru líklegast nægilega ítarleg. Hitt er annað mál að rétt er hér að huga að og þróa heppilegar verklagsreglur.

2.mgr.72. gr. Réttarfarsnefnd er andvíg þessari tillögu. Telur hana ekki heppilega og ekki til þess fallna að auka traust á vinnubrögðum lögreglunnar. Þá má spyrja þess hvernig hún samrýmist ákvæðum mannréttindasáttmála.

1. mgr. 74. gr. Réttarfarsnefnd telur ekki rétt að takmarka þessa heimild við lögreglu. Ríkissaksóknari getur t.d. snúið sér til dóms samkvæmt þessari grein.

XIV. kafli. Saksókn og undirbúningur málsmeðferðar.

3. mgr. 119. gr. Hér gerir B.N athugasemdir við það ákvæði að synja megi um útgáfu fyrirkalls ef rannsókn hefur verið svo áfátt að í bága fari við 67. gr. frumvarpsins. Í 67. gr. er fjallað um öflun gagna til undirbúnings málsmeðferðar. Sá undirbúningur verður að vera nægjanlega vandaður svo ákæra verði réttilega reist á þeim gögnum sem aflað hefur verið. Réttarfarsnefnd þykir sem B.N dragi full djarfur ályktanir af ákvæðinu. Nefndin er honum hins vegar sammála um að dómari á ekki að hafna útgáfu fyrirkalls nema rannsókn sé svo áfátt að augljóslega fari í bága við 67. gr. frumvarpsins. Til að koma til móts við tillögur hans hefur nefndin breytt frumvarpinu á þann veg að þetta fari ekki á milli mála.

F.h. réttarfarsnefndar



Hrafn Bragason

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

YFIRSAKADÓMARI

Reykjavík, 5. september 1990.

Dómsmálaráðuneytið hefur með bréfi, dagsettu 12. júlí sl., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, sem leggja á fyrir Alþingi í haust. Ég hef kynnt mér frumvarpið ásamt sakadómurum og leyfi mér hér með af hálfu dómsins að koma að við það eftirfarandi athugasemdum:

1. Samkvæmt 2. tl. 5. gr. frumvarpsins, sbr. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, getur dómari skipað 2 meðdómsmenn með sér í dóm, ef hann telur þörf á sérþekkingu. Er það alveg á valdi dómara hvaða sérfróða menn hann skipar. Þyrfti að mínu áliti að setja nánari reglur um þetta og mun svo vera gert í nágrannalöndum.

Þá er með framangreindu ákvæði afnumin tiltölulega nýleg heimild í nügildandi lögum til að dómari geti skipað 1 sérfróðan mann með sér til dómarastarfa og tel ég það miður. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og verið mikið notað. Hefur það auðveldað málsmeðferð, enda oft nægilegt að hafa 1 sérfróðan mann í dómi. Ágreiningur, sem upp kann að koma milli dómara, er leystur þannig skv. nügildandi lögum, að atkvæði héraðsdómara verður meirihluta atkvæði í málinu, en á þetta mun ekki hafa reynt fram að þessu að mér er kunnugt.

2. Í 9. gr. frumvarpsins segir að dómari geti vísað manni úr dómsal trúfli hann þinghald eða komi ósæmilega eða hneykslalega fram, enda hafi hann ekki látið skipast við aðvörun. Virðist því fyrst þurfa að koma aðvörun frá dómara áður en manni er vikið úr dómsal. Ég tel að þetta eigi að falla niður úr frumvarpinu. Það er afar fátítt að víkja þurfi manni úr dómsal af framangreindum ástæðum, en komi til þess ætti dómara að vera treystandi til að meta þetta hverju sinni. Framkoma manns eða ástand gæti verið slíkt að nauðsyn bæri til að víkja honum brott úr dómsal án aðvörunar.

3. Lagt er til að við 1. tl. 15. gr. i. f. bætist, "eða tekin upp á myndband".

4. Í V. kafla frumvarpsins er gerð veruleg breyting á skipan ákærvalds, sem ég tel, að þurfi endurskoðunar við.

Samkvæmt 28. gr. höfða lögreglustjórar opinber mál fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum o.s.frv. Lögreglustjórar munu vera, að mér telst til, 28 að tölu, að rannsóknarlögreglustjóra ríkisins meðtöldum, og verður því um mikla fjölgun á handhöfum ákærvalds að ræða. Er hætt við, að þegar ákærvald er komið á hendur jafnmargra lögreglustjóra og gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði eigi nægilegt samræmi í meðferð þess og suma lögreglustjóra skorti næga reynslu í meðferð opinberra mála vegna þess hve fá mál þeir fá til meðferðar.

Ég tel, að rikissaksóknari eigi að gefa út allar ákæror, en þær eru um 1200 á ári að mér hefur verið tjáð. Verði sú leið hins vegar ekki valin, þá verði 4-5 lögreglustjórum í stærstu

umdæmunum falið að hafa á hendi útgáfu á ákærum í málum þeim, sem að framan greinir. Fela má hins vegar eftir aðstæðum hverju sinni öðrum lögreglustjórum að annast meðferð mála fyrir dómi.

5. Í 34.gr. segir, að skylt sé að verða við ósk sakbornings um skipun verjanda, ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum og skv. 44.gr. greiðist þóknun verjanda úr ríkissjóði, en telst til sakarkostnaðar.

Nú er það svo, að mikið af sakarkostnaði er erfitt að innheimta og lendir hann að lokum á ríkissjóði. Tel ég því að taka ætti það til athugunar, hvort ekki þurfi að breyta þessu þannig að skipa einungis verjanda þeim sakborningum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega að þeir hafa ekki efni á að ráða sér verjanda og þá alfarið á kostnað ríkissjóðs. Hinum ætti að jafnaði ekki að þurfa að skipa verjanda, heldur gætu þeir ráðið sér verjanda á eigin kostnað. Vitaskuld fer þetta eftir vægi mála og sé sakborningur í gæsluvarðhaldi ætti alltaf að skipa honum verjanda. Ég hefi með framangreindu sérstaklega í huga minni háttar brot, er varðað geta sektarrefsingu.

6. Samkvæmt 52.gr. frumvarpsins er embættis- og sýslunar- mönnum óskylt að koma fyrir dóm í opinberu máli til að vitna um atvik, sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan o.s.frv. Dæmin sanna, að þetta getur verið nauðsynlegt. Legg ég því til, að ákvæðinu verði breytt á þá leið, að embættismönnum og sýslunar- mönnum sé að jafnaði óskylt að koma fyrir dóm er þannig stendur á, sem í greininni segir, en þó geti dómari úrskurðað um þetta eftir því, sem efni standa til.

7. Lagt er til að 2.tl. 80.gr. frumvarpsins falli niður. Haldlagning á prentuðu máli með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í ákvæði þessu, verður í reynd illframkvæmanleg, sérstaklega þegar um dreifingu rits viðs vegar um land er að ræða.

8. Með ákvæðum í XIV. kafla frumvarpsins, sem fjallar um saksókn og undirbúning málsmeðferðar, eru dómsáttir í núverandi mynd afnumdar. Telja verður þetta mjög misráðið. Hér er um þróaðar réttarfarsreglur að ræða sem eru einfaldar í notkun og stuðla að hraðari og auðveldari málsmeðferð. Dómsáttir við sakadóm Reykjavíkur eru á bilinu frá 2000-2500 ár hvert. Verður að telja það spor aftur á bak að fela lögreglunni eða kæranda málsins sáttir í jafn ríkum mæli og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta mun og leiða til þess að verkefni ákærvalds aukast þar sem ákærum fjölgar verulega og málin verða þyngri í vöfum. Ætti því að draga úr heimild lögreglunnar til sáttagerða frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá vil ég vekja athygli á ákvæðinu í 2. tl. 115.gr. laganna, að gangist ákærði hjá lögreglustjóra undir ákvörðun viðurlaga svo sem í greininni segir hafi þau málalok sama gildi um ítrekunar-áhrif og dómur ef því er að skipta. Hér er farið inn á nýja braut og án efa koma upp vandamál í þessu sambandi, sérstaklega að því er, ökuleyfissviptingar varðar. Þyrfti að mínu áliti að taka þetta til nánari athugunar. Slíka sátt ætti t.d. einungis lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans að gera og sökunautur að undirrita hana í viðurvist annars hvors þeirra. Eins tel ég að frestur skv. 6. tl. sem ríkissaksóknari hefur til að fella

sáttagerðina úr gildi sé of skammur. Tel ég að í stað "innan 2 mánaða" ætti að koma "innan 1 árs".

8. Lagt er til að við 3.tl. 120.gr. bætist "Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda, þar til málið er þingfest".

9. Þá er lagt til, að bætist við 1.tl. 123.gr. "Mæti ákærandi ekki í því þinghaldi, án þess að hafa tilkynnt lögmæt forföll getur dómari vísað málinu frá dómi".

10. Í 124.gr. þyrfti að kveða skýrt á um það, hvort það er saksóknari eða dómari sem eigi að gefa ákærða kost á að ljúka máli með sektargreiðslu o.s.frv. Hið sama er að segja um sektarfjárhæð, þ.e. hvort það er saksóknari sem á að gera kröfu um ákveðna sektarfjárhæð sem ákærða er gefinn kostur að fallast á til að ljúka máli og dómari að samþykkja hana, eða hvort það er dómari sem ákveði sektarfjárhæðina og saksóknari fallist á þá ákvörðun.

11. Lagt er til að á 1.tl. 128.gr. verði gerð sú breyting, að í stað "dómur verði lagður á málið að efni til" komi "málið verði tekið til efnismeðferðar", sbr. það sem á eftir kemur í málsgreininni.

12. Grein 132.gr.c. Eigi verður séð, að 2. mgr. 28.gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940 eigi að nema úr gildi eða breyta henni. Er lagt til, að skv. grein þessari bætist við

framangreint ákvæði frumvarpsins "nema ákærvaldið telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram".

13. Á 149.gr. 2.tl. er lagt til að gerð sé sú breyting að á eftir lögráðamaður komi "eða lögmaður samkvæmt sérstöku umboði."

14. Í 154.gr. vantar ákvæði um frest, sem ríkissaksóknari hafi til að áfrýja máli til þyngingar, ef ákærði hefur óskað áfrýjunar og áfrýjunarfrestur ríkissaksóknara er liðinn.

15. Í 1. tl. 160. gr. frumvarpsins er ákvæði, sem rétt er að staldra við. Samkvæmt því getur Hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt í dómi í opinberu máli fyrir drátt á máli og önnur glöp í meðferð þess, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans er ljós. Efasemdir kunna að vakna, hvort ákvæði þetta geti samrýmst 6.gr. auglýsingar um fullgildingu Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr. 11, 1954. Þá er vert að vekja athygli á niðurlagi ákvæðisins, "ef sök hans er ljós". Vart getur nokkur dómstóll sagt fyrirfram að sök sé ljós, án þess að sakarefni hafi verið kynnt fyrir sökunaut og honum gefið færi á að taka afstöðu til þess. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa í hvert sinn sem manni er gerð refsing að hann fái tækifæri að taka til varna.

Rétt er og í þessu sambandi að vekja athygli á 3.mgr. 34.gr. laga um meðferð einkamála, þar sem segir, að með dómi æðra dómstóls í aðalmáli eða sjálfstætt megi dæma héraðsdómara til sektar (200-4000 krónur) fyrir hverskonar misferli um meðferð þess, enda hafi honum verið stefnt til ábyrgðar eða æðri dómur telji aðgerð-

ir hans svo löglausar og aðfinnsluverðar, að þær skuli varða sektum. Það virðist vera skv. þessu aðalregla að einkamáladómara verði stefnt til ábyrgðar, þannig að hann geti tekið til varna, en um það er ekki að ræða að því er varðar dómara opinbers máls og er því hér um mismunum að ræða. Ég verð að segja að ég undrast framangreint ákvæði í 1.tl. og ætti það að vera lágmarkskrafa að héraðsdómara sé gefið tækifæri á að skýra mál sitt með greinargerð áður en honum er ákvörðuð refsing. Sama má segja um vitar Hæstaréttar á hendur héraðsdómara skv. 162. gr. sem gefnar eru út á prenti, að skylt ætti að vera að gefa héraðsdómara tækifæri til að skýra mál sitt, áður en þær eru ákvarðaðar til að koma í veg fyrir að um mistök verði að ræða.

Loks vil ég vekja athygli á 3.tl. 160.gr. þar sem segir, að nú hafi dómara verið stefnt til ábyrgðar fyrir Hæstarétt og er sýkn dæmdur, og geti rétturinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til að greiða dómaranum málskostnað. Ekki er í ákvæði þessu minnst á nein viðurlög út af þessu eða bætur til handa dómara fyrir ranga eða tilefnislausu kæru og á verjanda málsins er hvergi minnst í þessu sambandi.

16. Í 171.gr. segir, að bótakröfu eigi ótvírætt að tilgreina í ákæru, en dómari geti þó leyft að bótakrafa verði gerð, þótt hennar hafi ekki verið getið þar. Ég tel, að ekki eigi að heimila að hafðar séu aðrar kröfur uppi í opinberu máli en gerðar eru í ákæru, svo að engin óvissa skapist í þessu efni og ákærði geti tekið til varna um sakarefni eins og þar greinir. Réttur kröfuhafa er ekki með því fyrir borð borinn, enda hefur

hann tækifæri til að höfða einkamál vegna kröfunnar.

Gunnlaugur Böiu

Dómsmálaráðuneytið,

Reykjavík.

Umsögn réttarfarsnefndar um athugasemdir Gunnlaugs Briem, yfirsakadómara við frumvarp að lögum um meðferð opinberra mála.

1. Um sérfróða meðdómendur.

Við samningu frumvarpsins varð sú niðurstaða að hafa sömu reglur um meðdómendur í einkamálum og refsimálum, og var því vitnað til 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, en þar er eigi gert ráð fyrir að meðdómandi geti verið einn. Ætlunin er að skoða þetta betur fyrir ætlaða gildistöku 1. júlí 1992 og þá við endurskoðun laga um meðferð einkamála í héraði.

Þá er vikið að því að rétt væri að setja nánari reglur um hvaða menn megi skipa. Í 37. A. gr. eml. ræðir um dómendur sem sérkunnáttu hafi, og verður naumast séð hvernig nánari reglur verði settar um þetta efni. Í sambandi við þau ummæli í athugasemdunum að svo muni vera gert í nágrannalöndum, verður að benda á, að í nágrannalöndum er alls ekki gert ráð fyrir sérfróðum meðdómendum, og er fyrirkomulag það sem hér hefur tíðkast, þ.e. að dómari kveðji til sérfróða meðdómendur, einsdæmi eftir því sem best er vitað.

2. Um stjórn á þinghaldi.

Í núg. laga um meðferð opinberra mála (2. mgr. 19. gr.) er vitnað til III. kafla eml. þar sem m.a. eru reglur (1. mgr. 39. gr.) um stjórn á þinghaldi. Í frv. þótti rétt að taka

inn reglur um þetta efni. Verður að telja nauðsynlegt að hafa ákvæði um brottvísun úr þinghaldi, þótt sjaldan reyni á þær sem betur fer.

3. Um töku á myndband.

Þessi athugasemd er réttmæt enda hefur þetta þegar verið sett í frumvarpið.

4. Um skipun ákærvalds.

Nýskipun ákærvaldsins er einhver mikilvægasta breytingin sem frv. gerir ráð fyrir. Þótti óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir að ákærvaldið yrði endurskipulagt þannig að ákærendur væri ekki einungis í Reykjavík, heldur einnig í hverju dómumdæmi. Að vísu á sú athugasemd rétt á sér að hætta getur verið á því að ekki verði nægilegt samræmi í meðferð ákærvalds, þegar það er komið á hendur margra lögreglustjóra. En á móti þeirri viðbáru má benda að ríkissaksóknara er falið að hafa yfirstjórn allra handhafa ákærvalds, og er þess að vanta að með tíð og tíma takist að byggja ákærvaldið upp á þann veg að vel megi við una. Ófært er að gera ráð fyrir því að ríkissaksóknari gefi áfram út allar ákæror, enda verða þær margfalt fleiri en 1200, þar sem miðað er við að saksókn fari ávallt fram í formi ákæru en dómara verði ekki lengur send mál með "heimild til dómsáttar" eins og tíðkast hefur, sbr. aths. við 8. lið.

5. Um verjendur.

Ekki þykir fært að hverfa frá því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur, að öllum sakborningum skuli skipa verjanda ef þess er óskað. Í þessu sambandi má spyrja, hvernig á að meta það hvort sá sem óskar eftir skipun verjanda sé svo efnum búinn að hafna eigi beiðninni.

6. Um 52. gr. frv.

Ef atvik verða leidd í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali verður naumast séð að nein þörf sé á því að embættis- eða sýslunarmaður verði leiddur sem vitni um þau atvik.

7. Um 2. mgr. 80. gr.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að undangengins dómsúrskurðar sé þörf ef leggja á hald á prentað mál til undirbúnings upptöku. Verður að telja slíkt ákvæði nauðsynlegt, enda gerir það haldlagninguna engu illfrankvæmanlegri en ella. Úrskurður af þessu tagi yrði auðvitað kveðinn upp án þess að sakborningi yrði áður gert viðvart, á sama hátt og t.d. úrskurður um leit.

8. Um "dómsáttir"

Ekki verður fallist á að það sé misráðið að auka beitingu stjórnvaldssekta (lögreglusekta). Þykir það óhjákvæmilegt til þess að létta fargi smámála af dómstólum. Heimild til þess að ljúka málum með sektargerð ("dómsátt") er ekki þrengd með frv., heldur aukin. Sjá 124. gr. frv. Það er hins vegar nýjung að ákæra sé út gefin í öllum málum, og

verður það að teljast þarft nýmæli. Það er ákæranda naumast nein aukin fyrirhöfn að semja ákæru í stað þess að senda dómi "heimild til dómsáttar", eins og nú tíðkast. Ef ekki reynast skilyrði til þess að ljúka máli með "dómsátt" heldur málsmeðferð beint áfram, í stað þess að endursenda þurfi ákæranda málið til þess að hann taki ákvörðun um ákæru. Athugasemd um ítrekun er athyglisverð. Í því sambandi verður að geta þess að reglur verður að setja um skráningu lögreglustjóresekta í sakaskrá ef um ítrekunaráhrif á að vera að ræða, en hér koma einkum til greina mál út af ölvunarakstri. Sjá hér 2. mgr. 19. gr. frv.

8. (Tveir liðir hafa af mistökum verið númeraðir 8)

Ábending þessi virðist óþörf. Ákærði getur óskað eftir verjanda við þingfestingu, hafi hann ekki gert það áður, en vitanlega þarf að fá yfirlýsingu hans um verjanda fyrr, ef því verður við komið.

9. Um frávísun vegna fjarvistar ákæranda.

Ekki er rétt að heimila dómara að vísa frá máli þótt ákærandi sækir ekki þing.

10. Um 1. mgr. 124. gr.

Athugasemd þessi er athyglisverð, en líta verður svo á að dómari eigi að tiltaka sektarfjárhæð, ef ákærði ljær máls á að undirgangast sekt, en rétt er að ákærandi geri tillögu um sektina. Þetta er framkvæmdaratriði.

11. Um 1. mgr. 128. gr.

Varla verður séð að neinn efnismunur sé tillögu þessari og orðalagi frv.

12. Um c-lið 132. gr.

Fallast má á ábendingu þessa, og hefur réttarfarsnefnd breytt frv. og leggur til að 2. mgr. 28. gr. hgl. verði numin úr gildi.

13. Um ákvörðun ólögráða manns um áfrýjun.

Huga má að þessari ábendingu, en ef hún yrði tekin til greina þyrfti að athuga hver veitir hið sérstaka umboð, ákærði eða lögráðamaður hans. Tæpast sýnist þörf á þessari breytingu.

14. Um 154. gr. frv.

Hafi ákærði áfrýjað ber ríkissaksóknara án tafar að gefa út áfrýjunarstefnu. Má hann þá í henni áfrýja málinu til þyngingar, þótt hann hafi ekki ætlað sér það upphaflega hefði ekki komið til áfrýjun ákærða. Varla er nauðsynlegt að marka frest þann sem um er rætt. Allt eins mætti setja ríkissaksóknara frest til að gefa út áfrýjunarstefnu, þótt réttarfarsnefnd hafi ekki talið það nauðsynlegt.

15. Um sektir og vítur á hendur héraðsdómara.

Þegar Hæstiréttur leggur dóm á mál hlýtur hann að taka afstöðu til þess hvort gallar hafi verið á meðferð máls í héraði. Stundum ráðast úrslit máls í Hæstarétti beinlínis af þessu, (mál ómerkt vegna réttarfarsgalla). En þótt svo

sé ekki verður æðri dómur að geta um galla á málsmeðferð og finna að þeim eða víta ef tilefni er til. Ekki verður talið að stefna þurfi héraðsdómara til þess að sæta slíku. Það mundi eiginlega leiða til þess að héraðsdómari þyrfti alltaf að koma fyrir Hæstarétt til þess að "verja sinn dóm" eins og á Alþingi við Öxará forðum. Hins vegar má hafa uppi efasemdir um að nokkurn mann megi dæma í refsingu án þess að hann eigi kost á að standa fyrir máli sínu. Ákvæðið er óbreytt frá núgildandi lögum. Ætlunin er að athuga þetta nánar við endurskoðun laga um meðferð einkamála í héraði fyrir fyrirhugaða gildistöku 1. júní 1992. Samræmi þarf að vera á milli þessara tveggja laga um þetta atriði.

16. Um bótakröfur.

Í frv. er almennt miðað við það að bótakröfur séu fram komnar þegar mál er höfðað, og teknar fram í ákæru. Er þetta gert til þess að málsmeðferð geti farið fram án tafa er leiða mundi af því að kröfugerð færi fyrst fram eftir að mál er höfðað (þetta er allt mjög á lausu lofti í núg. lögum). Ekki þykir þó nein hættu á að óvissa skapist þótt undantekning sú er greinir í 171. gr. frv. haldist, enda kemur hún ekki til greina nema sakborningur samþykki að hún komist að, og dómari hefur í hendi sér að synja um að taka kröfu til meðferðar ef hún veldur töfum eða óhagræði.

F.h. réttarfarsnefndar



Hrafn Bragason

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057


Reykjavík, 28. september 1990

Dómsmálaráðuneytið
b.t. Þorleifs Pálssonar
Arnarhvoli
Reykjavík

Með bréfi þessu fylgir umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, en farið var fram á umsögn þessa með bréfi yðar, dags. 12. júlí s.l.

Tekið skal fram, að umsögnin, sem barst til skrifstofu L.M.F.Í. í dag frá formanni nefndarinnar, Óthari Erni Petersen, hrl., hefur ekki enn verið lögð fyrir stjórn félagsins, þar eð rétt þótti að senda hana án tafar til yðar.

Virðingarfyllst



Marteinn Másson, framkv.st.j.

DÓMS- OG
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innk.: 2 OCT 1990

↙
Mál: 045-1

Stjórn L.M.F.Í. hefur falið laganefnd félagsins að fara yfir og veita umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála sem lagt var fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989-1990, en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarp þetta barst Logmannatelagi Íslands til umsagnar með bretri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. júlí sl., með ósk um að umsögnin bærist ráðuneytinu fyrir ágústlok. Vegna sumarleyfa og þess hve mörg og viðamikil frumvörp laganefnd hefur haft til umsagnar frá þeim tíma tókst ekki að ljúka meðferð máls þessa fyrr en nú.

Frumvarp þetta sem er liður í heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum sem koma eiga til framkvæmda 1. júlí 1992 hefur að geyma ýmsar verulegar breytingar frá gildandi rétti. Almennt hefur frumvarpið að geyma miklar réttarbætur. Meginbreytingar sem það gerir ráð fyrir á meðferð opinberra mála eru, að algerlega verður skilið á milli ákærvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar, dómsrannsóknir verða alfarið aflagðar, ákærandi verður að jafnaði skyldur að vera viðstaddur málsmeðferð, lögreglustjórum verður falið takmarkað ákærvald og rýmkað vald til að ljúka málum sakborninga, reglur um málsmeðferð verða færðar nær reglum um meðferð einkamála, þar sem ákærandi skal annast sönnunarfærslu. Þá eru í frumvarpinu breyttar og skýrari reglur um réttarstöðu sakbornings og málsvara hans.

Ljóst er, að í heild sinni er frumvarpið sem samið er af réttarfarsnefnd stórt skref í framfaraátt. Framsetning þess er mjög aðgengileg. Það gerir ráð fyrir lögfestingu ýmissa ákvæða í samræmi við reglur sem gilt hafa í framkvæmd og kveður skýrar á um margt sem óljóst hefur þótt í núgildandi lagatexta. Laganefnd leggur til að frumvarpið, eftir atvikum með breytingum, verði lagt fyrir Alþingi að nýju í haust og afgreitt sem lög á því þingi.

Við hugsanlega endurskoðun frumvarpsins eða meðferð þess á Alþingi telur laganefnd rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

II. kafli. Vanhæfi dómara.

Í 6. gr. frumvarpsins eru reglur um vanhæfi dómara. Laganefnd telur, að efni séu til að dómari sem úrskurðað hefur mann, sem síðar er ákærður, í gæsluvarðhald víki ætíð sæti í máli. Það auki traust á óhlutdrægni dómara málsins, að hann hafi ekki haft með þeim hætti afskipti af því fyrir útgáfu ákæru. Sama geti og komið til álita um dómara sem kveðið hefur á um aðrar þvingunarráðstafanir.

V. og XV. kafli. Ákæruvald. Skylda ákæruvalds til að sækja þing.

Með því að skilið verður að fullu milli dómvalds og ákæruvalds og lögreglu er mikilsverðu takmarki náð. Tillögur frumvarpsins um ákæruvaldið og meðferð þess eru almennt nausynlegar og æskilegar. Ákæruvald lögreglustjóra er einkar þýðingarmikið m.a. af þeirri ástæðu, að þeim málum sem ákæruvald hans nær til er þá unnt að fylgja tafarlaust og markvisst eftir sættist sakborningur ekki á þau málalok sem honum er gefinn kostur á.

Efast má þó um, að heppilegt sé að lögreglustjóri geti lokið máli vegna kæru um ölvun við akstur að hætti 2. mgr. 115. gr. frumvarpsins. Slík mál hafa með réttu verið flokkuð með alvarlegri málum m.a. með tilliti til viðurlaga og sjálfsagt að formleg saksókn með útgáfu ákæru og eftirfarandi dómmeðferð fari fram. Tími sem sparast með frumvarpstillögunni væri á kostnað léttvægari hugmynda sakbornings og almennings um alvarleika brotsins. Varnaðaráhrif myndu skerðast. Ekki sé því rétt að velja þessi mál til að létta álagi af dómstólunum, enda myndi meðferð þeirra fyrir dómi ekki verða tímafrek. Nær væri að skapa dómstólunum aðbúnað og mannafla til að fara áfram með þessi mál og ljúka þeim með þeim hraða sem ætlast er til. Að öðru leyti er laganefnd almennt meðmælt rýmkun heimilda lögreglu og lögreglustjóra til að ljúka málum.

Það hefur verið mikill þyrnir í augum dómara og lögmanna í hve fáum jafnvel alvarlegum málum ákæruvaldið hefur séð ástæðu til eða haft tók á að sækja dómþing í. Í 1. mgr. 123. gr. frumvarpsins er lagt til, að ákæruvaldinu sé skylt að sækja þing. Formlega hefur ákvæði þetta mikla þýðingu. Þessi framkvæmd málsmeðferðar hefur einnig mikla þýðingu fyrir allt yfirbragð þinghaldsins, þ.m.t. alvarleika þess og virðingu. Þar er það ákæruvaldsins að gera kröfur og dómans að ljúka málinu eftir atvikum með dómi eða ákvörðun. Ákærði er viðstaddur og e.t.v. verjandi hans. Ekki fer á milli mála hjá

sakborningi, að dómari er sjálfstæður og óháður. Best fer á því, að ætíð sé sótt þing af hálfu ákærvalds og felld verði út undanþáguheimild 2. mgr. 123. gr. Undanþága veldur bresti í þeirri festu sem skylduákvæðið skapar. Hætta er á, að los kæmist á þá framkvæmd sem stefnt er að. Ákærvaldið fylgir málinu þá ekki eftir til loka. Auðvelt ætti að vera að færa ákærða fyrir dóminn í síðara þinghaldi, enda verður að gera ráð fyrir að í framkvæmd verði háð regluleg dómþing, þar sem málum sem hér undir falla yrði lokið með ákvörðun dómara eða tekin til dóms. Varla er ástæða til að láta undanþáguákvæðið réttlætast af því, að ákærði gefi sig e.t.v. sjálfviljugur fram við dómara síðar og þá yrði gert út um málið milli dómara og ákærða. Kostir þessarar heimildar myndu ekki veða móti göllunum.

VI. kafli. Réttarstaða sakbornings og verjanda.

Í 42. og 43. gr. frumvarpsins eru reglur um réttarstöðu verjanda. Þar er mikilvægasta breytingin, að verjanda skal heimilt að ræða einslega við sakborning um hvað eina sem málið varðar. Aftur á móti segir í 1. mgr. 43. gr., að ekki megi kynna sakborningi endurrit nema með samþykki dómara eða rannsóknara. Þessi ákvæði geta leitt til vafa um heimildir verjanda og hvaða takmarkanir leiða af síðarnefnda ákvæðinu. Er hér aðeins um að ræða, að ekki megi sýna sakborningi endurrit, en það megi ræða við hann efni þess og hvað eina sem verjandi hefur fengið vitneskju um við rannsóknina? Við hvaða tímamörk er miðað, þegar segir í 1. mgr. 43. gr., að verjandi skuli jafnskjött og "unnt" er, fá til afnota skjöl og önnur gögn? Rétt væri að rekja frekar til leiðbeiningar í athugasemdum með frumvarpsgreinum þessum hvaða rýmkun frá gildandi rétti þær hafa í för með sér.

X. kafli. Hlustun síma.

Í 86. gr. og 87. gr. eru skýrari reglur um hlustun síma og aðrar skyldar ráðstafanir. Beitingu þess úrræðis eru settar þröngar skorður og gert ráð fyrir sem grundvallarreglu, að til aðgerða skv. 86. gr. þurfi undanfarandi dómsúrskurð, nema umráðamaður samþykki. Vara ber við þessari heimild og mæla með því, að í öllum tilvikum þurfi undanfarandi dómsúrskurð hvort sem viðkomandi samþykki eður ei. Rétt sé og þýðingarmikið, að ætíð liggi fyrir mat dómara á nauðsyn hlerunar og upptöku svo og að öll skilyrði til þess séu uppfyllt. Hlerun með samþykki bjóði heim hættu á of- eða misnotkun heimildarinnar. Eina sem tryggt geti, að komið verði í veg fyrir slíkt sé skilorðslaus skylda

til dómsúrskurðar m.a. vegna friðhelgi heimilis og vernd einkamálefna, svo og vegna þess að menn séu almennt ekki bærir til þess að meta hvort þeim sé rétt eða skylt að samþykkja hlustun. Með þessu væri engum íþyngt að þarflausu hvorki rannsóknara, ákæranda né heldur dómara, þar sem ákvæðið gerir ráð fyrir að beitingu þessa úrræðis séu settar þröngar skorður eða eins og segir í niðurlagi athugasemda við þennan kafla frumvarpsins, að ekki verði gripið til þessara ráðstafana nema í "algerum undantekningartilvikum". Gera verði að skilyrði, að svo þröngri heimild verði ekki beitt án undanfarandi dómsúrskurðar.

XIII. kafli. Gæsluvarhald. Vistun skv. 110. gr. i.f..

Gert er ráð fyrir breytingum á 67. gr. nügildandi laga, m.a. að 4. tl. þeirrar greinar falli niður. Í athugasemdum með frumvarpinu segir, að í stað þess séu ákvæði 2. mgr. 103. gr. um gæsluvarðhald í mjög stórfelldum málum þótt skilyrði a-d liða 1. mgr. séu ekki uppfyllt. Bent er á, að því hefur oft verið haldið fram að frelsissvipting á grundvelli 4. tl. 67. gr. nügildandi laga væri brot á Evrópuráðssamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Því væri rétt, að ítarleg rannsókn fari fram á því álitaefni hvort 2. mgr. 103. gr. frumvarpsins standist nefnd ákvæði Evrópuráðssamningsins, einkum 5. gr. Í þessu sambandi verði sérstaklega höfð í huga sú þróun sem orðið hefur undanfarin misseri í þessum efnunum í Evrópu og lagt til að ekki verði teft á tæpasta það hvað varðar lögmæti þessa ákvæðis.

Til þess að ákvæði 110. gr. um vistun á sjúkrahúsi eða víðeigandi stofnun reynist ekki orðin tóm verður að tryggja framkvæmd slíkrar ráðstöfunar.

XIV og XV. kafli. Málsmeðferð. Frávísun eða sýkna.

Í 3. til 119. gr. frumvarpsins er ákvæði um skyldur dómara til að athuga ákæru þegar hún berst honum. Skal hann endursenda málið með rökstuðningi ef hann telur þá galla á málinu að því verði vísað frá dómi. Í XV. kafla um málsmeðferð er í 3. tl 122. gr. ákvæði um frávísun þótt engin krafa hafi komið fram ef dómari telur bersýnilega annmarka á máli.

Eins og getið er í greinargerð með frumvarpinu og tekið er fram í inngangi umsagnar þessarar er verið að skilja milli ákærvalds og rannsóknarvalds annars vegar og dómsvalds hinsvegar. Ekki verður betur séð en með 3. tl 122. gr. sé dómari enn að taka óbeinan þátt í

rannsókn máls og gefa ákærvaldi ábendingu um atriði sem skipta máli. Telja verður skoðun skv. 3. tl. 119. gr. frumvarpsins nægilega að þessu leyti.

Laganefndin mælir með því, m.a. til að efla sjálfstæði dómstóla, að skoðað verði hvort ekki eigi að fella niður 3. tl. 122. gr. sem leiðir þá til þess að ákærði er sýknaður ef mál er ekki þannig úr garði gert að hægt sé að kveða upp áfellisdom. Ábyrgð ákærvalds vex vissulega frá því sem verið hefur, enda er það í sjálfu sér hluti af aðskilnaði rannsókna og dómvalds.

XIX. kafli. Sakarkostnaður.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um opinbera réttaraðstoð sem lagt var fyrir Alþingi 112. löggjafarþing 1989-1990 segir m.a.:

"Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir er reynt að sameina ákvæði um lögfræðilega aðstoð við almenning, aðstoð við bortapóla og ákvæði um gjafsókn og gjafvörn í einum lagabálki. Upphaflega hugðist nefndin einnig fella ákvæði um réttargæslumenn grunaðra manna og sökunauta í frumvarpið, en frá því var horfið að ábendingu réttarfarsnefndar, en endurskoðuð ákvæði um það efni er að finna í nýju frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála." Ekki verður séð, að í frumvarpi því sem hér er til umsagnar séu ákvæði í þessa veru. Kann það að stafa af því, að í drögum frá 11. desember 1989 að frumvarpi til laga um opinbera réttaraðstoð sem laganefnd fékk til umsagnar var gert ráð fyrir að réttargæsla næði yfir lögfræðilega aðstoð sem væri m.a. fólgin í hagsmunagæslu fyrir sakborninga. Í 15. gr. þeirra draga var ráðgert, að kostnað við réttargæslu handtekinna manna og sökunauta, svo og annan útlagðan sakarkostnað skyldi endurkrefja fyrir dómi, ef málið leiddi til ákæru eða yrði lokið með dómsátt.

Í 3. mgr. 15. gr. var svohljóðandi ákvæði: "Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður sakarkostnað, sem ákveðinn er með dómi eða dómsátt, ef dómfelldi er efnalaus og leitt er í ljós að ekki séu líkur á, að hann geti greitt kostnaðinn. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um slíka lækkun eða niðurfellingu sakarkostnaðar."

Ákvæði samsvarandi þessu sýnist hvorki vera í frumvarpi því sem hér er til umsagnar né heldur í frumvarpinu til laga um opinbera réttaraðstoð. Tryggja þarf, að slíkt ákvæði verði fellt inn í annað hvort frumvarpið enda verði það frumvarp þá að lögum. Taka þarf af tvímæli um, að heimild ráðherra til lækkunar eða niðurfellingar nái til

alls sakarkostaðar eins og hann er skilgreindur í 164. gr. frumvarpsins til laga um meðferð opinberra mála.

Niðurlag.

Þann 1. júlí 1992 taka gildi umfangsmiklar grundvallarbreytingar á dómstólaskipun landsins og réttarfarsreglum. Mikinn og vandaðann undirbúning þarf til þess, að það takmark sem að er stefnt náist. Til undirbúningsins þarf bæði mannafla og fjármagn. Dómstólum landsins, ákærvaldi og lögreglu verður að búa vel að. Afbrot færast stöðugt í vöxt og því miður er hætt við að alvarlegum glæpum fjölgi. Tryggja verður markvissa og skjóta meðferð rannsókna og málsmeðferðar. Skapa verður nefndum yfirvöldum góða aðstöðu til að vinna vel að öllum málum ekkert síður þeim smærri heldur en hinum stærri og auka þannig hin almennu og sérstöku varnaðaráhrif sem skjót málsmeðferð sem og viðurlög við afbrotum hafa í för með sér.

Ólafur Örn Sæviðsson

Athugasemdir réttarfarsnefndar við umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp að lögum um meðferð opinberra mála.

Réttarfarsnefnd telur sig litlar athugasemdir þurfa að gera um umsögn þessa enda ljóst að laganefnd LMFÍ er frumvarpinu sammála í stórum dráttum.

Athugasemdir við einstakar hugleiðingar laganefndarinnar:

II. kafli. Vanhæfi dómara.

Tillaga laganefndarinnar getur verið til þess fallin að auka traust dómstóla. Á hitt ber þó að líta að á stórum svæðum landsins verður eftir 1992 aðeins einn dómari við störf og dýrt að setja sérstakan dómara þegar hinn reglulegi dómari er vanhæfur. Því þótti ekki ástæða til að hafa vanhæfisákvæðið víðara. Ákvæðið á að fullnægja áskilnaði mannréttindasáttmála.

V. og XV. kafli. Ákærvald. Skylda ákærvalds til að sækja þing.

Í 2. mgr. 115. gr. frumvarpsins er verið að vikka heimildir lögreglustjóra skv. 2. mgr. 112. gr. núgildandi laga til að ljúka máli án dómsmeðferðar. Reynt er að láta heimildina ná til málamargra brotaflokka þar sem málin eru sáraeinföld í meðförum og staðla má meðferðina. Ölvun við akstur er því miður brot sem mikið er af og flest slíkra mála eru einföld í meðförum. Hvernig almenningur metur alvarleika þessara brota ætti fremur að fara eftir viðurlögum við brotinu en meðferð þess. Lögmannanefndin getur þó haft eitthvað til síns máls, en þá er þess að geta að miklir

hagsmunir brotamanns eru því tengdir að málin séu afgreidd fljótt og ríkisins að það kosti ekki of mikið. Réttarfarsnefnd taldi því að hér mætti koma við sparnaði án þess að málsmeðferðin yrði ekki nægjanlega örugg og betra væri að eyða kröftum dómstólanna í viðameiri og flóknari mál en hér er um að ræða.

VI. kafli. Réttarstaða sakbornings og verjanda.

Hér er þess að geta að réttarfarsnefnd hefur gert breytingu á frumvarpinu vegna þessarar ábendingar og fleiri ábendinga.

X. kafli. Hlustun í síma.

Réttarfarsnefnd hefur að þessari ábendingu breytt 88. gr. frumvarpsins lítillega. Breytingin á að stuðla að varfærinni notkun heimildarinnar.

XIII. kafli. Gæsluvarðhald.

Réttarfarsnefnd hafði í huga ákvæði mannréttindasáttmála og nýlega dóma Mannréttindadómstóls Evrópu við umfjöllun sína um þessi ákvæði.

XIV. og XV. kafli. Málsmeðferð. Frávisun eða sýkna.

Réttarfarsnefnd hefur breytt 3. mgr. 119. gr. nokkuð. Aðallega að ábendingu rannsóknarlögreglustjóra. Sú breyting gerir athugasemd laganefndarinnar bitlausari. Réttarfarsnefnd telur að 3. mgr. 122. gr. frumvarpsins sé nauðsynleg til þess að hæfilega vandaður grunnur verði lagður að málsmeðferð opinberra mála.

XIX. kafli. Sakarkostnaður.

Réttarfarsnefnd vísar þessari athugasemd til nefndar er samdi frumvarp til laga um lögfræðiaðstoð við almenning og dómsmálaráðuneytis.

F.h. réttarfarsnefndar



Hrafn Bragason